

393. fundur velferðarráðs 17. febrúar 2021

6. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Huga þarf að samræmingu, gæðum og góðu samstarfi á milli þeirra sem sjá um málaflokkinn. Það þarf að vera skýrt hverjir bera ábyrgð á þessari þjónustu þannig að ef upp koma vandamál henni tengdri, hvert á þjónustubeginn að leita. 1. Í framhaldi af svári við fyrirspurnum um hár-, hand- og fótisnyrtingu fyrir eldri borgara sem búa heima og í þjónustu- og félagslegu húsnæði Reykjavíkurborgar sem ætlað er eldri borgurum og öryrkjum óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hver innan þjónustueininganna hefur yfirumsjón með þessum þjónustubáttum og ber aðalábyrgðina. 2. Hvert eiga þeir að leita/snúa sér sem hafa áhuga á að bjóða fram þjónustu sína og gera leigusamning við Reykjavíkurborg? 3. Ber velferðarsvið einhverja ábyrgð á þessum þjónustubætti þ.e. hvort hún sé t.d. byggð á faglegum grunni? 4. Ef upp koma einhverjir misbrestir með þjónustuna, hvert eiga þjónustubegar þá að leita? 5. Einnig er spurt, stendur eitthvað húsnæði, undir slíka þjónustu sem hér um ræðir, autt? Ef svo er hvað eru þau mörg og hver er ástæða þess að þau standa auð?